



Eftirfarandi skilmálar gilda um kaup á vörum og/eða þjónustu af HD ehf. (seljanda).

Þar sem skilmálum þessum sleppir gilda lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 varðandi kaup á vörum en almennar reglur kröfuréttar um kaup á þjónustu. Ef kaupandi telst neytandi í skilningi laga um neytendakaup nr. 48/2003 og laga um þjónustukaup nr. 42/2000 koma ákvæði þeirra laga í stað skilmála þessara.

Vara og þjónusta fellur undir þessa skilmála eftir að HD ehf. hefur fallist á pöntun viðskiptamanns með því að staðfesta hana með samningi eða öðrum formlegum hætti s.s. samþykktu tilboði, afhenda kaupanda vöru eða inna af hendi þjónustu.

1. Greiðsluskilmálar

Viðskiptamönnum ber að greiða reikning í samræmi við þá skilmála sem á honum eru tilgreindir. Athugasemdir við útgefna reikninga skulu berast seljanda innan 15 daga frá útgáfudegi, að öðrum kosti telst reikningurinn réttur.

Vörureikningar skulu greiddir fyrir afhendingu vöru nema samið sé um aðra skilmála. Reikningar vegna þjónustu í tímavinnu skulu greiddir innan 15 daga frá útgáfu reiknings.

Fyrir þjónustu og/eða vörur greiðir viðskiptamaður það gjald sem samið hefur verið um. Seljanda er heimilt að krefja viðskiptamenn um greiðslu fyrir hluta af verki eða söluhlut áður en verki er lokið eða söluhlutur er afhentur. Skulu slíkir reikningar vera í samræmi við framvindu verks.

Seljanda er heimilt að stöðva afhendingu, ef samið er um hana í áföngum, eða veitingu þjónustu hafi greiðsla ekki borist vegna fyrri afhendinga eða þjónustu. Stöðvun afhendingar/veitingar þjónustu er heimil fram að þeim tíma sem gjaldfallnar greiðslur hafa verið inntar af hendi eða lagðar fram fullnægjandi tryggingar fyrir þeim.

2. Söluveð

Kaupandi veitir seljanda söluveð í hinu keypta, sbr. lög nr. 75/1997 um samningsveð. Veðrétturinn nær til allra þeirra hluta sem greindir eru á reikningi. Veðið er til tryggingar kröfu til alls endurgjalds sem greint er á reikningnum, ásamt vöxtum og kostnaði.

Hluti þá sem veðsettur er má kaupandi ekki selja, veðsetja frekar, breyta eða skeyta við aðra hluti þannig að hætta sé á að söluveðið glatist án skriflegs samþykkis seljanda.

Ef vanskil verða á greiðslu þeirra krafna sem veðrétturinn nær til, getur seljandi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu á veðandlaginu, án undangengins dóms eða aðfarar, eða rifta söluveðsetningunni og krefjast afhendingar hins veðsetta.

3. Afhending

Afhending vöru fer fram á starfsstöð seljanda á umsömdum afhendingartíma nema um annað sé sérstaklega samið. Þjónusta skal veitt á þeim stað sem greinir í samningi.

4. Sending og þjónusta utan höfuðborgarsvæðisins

Kaupandi ber ávallt allan kostnað af sendingu vöru nema um annað sé sérstaklega samið. Ef verkefni krefjast þess að þjónusta sé veitt utan höfuðborgarsvæðisins skal kaupandi greiða fyrir gistingu, fæði og staðaruppbót starfsmanna seljanda.

5. Viðtökudráttur

Sé vara ekki sótt innan umsamins tíma áskilur seljandi sér rétt til að senda hana til kaupanda á hans kostnað eða að öðrum kosti að annast hlutinn á kostnað kaupanda með þeim hætti sem sanngjart er miðað við aðstæður. Getur seljandi krafist geymslu- og/eða umsýslugjalds úr hendi kaupanda vegna geymslu vöru eftir umsamin afhendingartíma.

6. Áhættuskipti

Kaupandi ber ábyrgð á vöru frá því tímamarki sem hún er honum afhent eða hún er afhent flutningsaðila ef um sendingu er að ræða, nema um annað sé sérstaklega samið.

7. Afhendingardráttur

Verði dráttur á afhendingu vöru til kaupanda eða veitingu þjónustu vegna aðstæðna sem seljandi fær ekki við ráðið (force majeure) ber seljandi ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem verða kann vegna afhendingardráttarinnar. Hið sama á við verði afhendingardráttur á vöru vegna þess að hún kemur seint eða gölluð frá erlendum birgjum.

8. Vöruskil

Vöru er einungis hægt að skila ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt.

Varan er í sama ástandi og við afhendingu og án sjáanlegra skemmda. Ekki er búið að vinna vöruna á nokkurn hátt.

Innan við 15 dagar eru frá afhendingu vörunnar. Varan er ekki sérpöntuð.

Við vöruskil fær kaupandi inneignarnótu frá seljanda fyrir andvirði vörunnar. Kostnaður af vöruskilum vegna atvika er varða kaupanda eru dregin frá inneignarfjárhæðinni. Ekki kemur til endurgreiðslu af hálfu seljanda við vöruskil.

Seljandi leggur áherslu á að vara sé skoðuð af kaupanda við móttöku. Vöru fæst skilað gegn endurgreiðslu ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: Varan er sannanlega gölluð.

Skriflegar athugasemdir um galla hafa komið fram án ástæðulauss dráttar.



9. Óviðráðanleg atvik (Force Majeure)

Seljandi ber ekki ábyrgð á vanefndum, beinu eða óbeinu tjóni eða öðrum kostnaði gagnaðila sem rakinn verður til óviðráðanlegra atvika, svo sem jarðskjálfta, eldsvoða, rafmagnstruflana, ófriðar, heimsfaraldurs eða verkfalla sem hann hefði ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á, þótt hann hafi beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk.

Seljandi skal tafarlaust tilkynna kaupanda um óviðráðanleg atvik. Jafnframt skal seljandi gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að draga úr áhrifum óviðráðanlegra atvika og skal strax og þeim er ekki lengur til að dreifa gera allar eðlilegar ráðstafanir, sem á hans valdi eru, til að hefjast handa á ný um að efna skuldbindingar samkvæmt samningnum með minnstu mögulegu tölum. Það sama á við um kaupanda.

10. Bótaábyrgð

Bótaábyrgð seljanda, og þar með heildarskaðabótakrafa kaupanda, vegna hvers konar tjóns sem rekja má til vanefnda seljanda, hvort sem tjónið má rekja til galla í þjónustu seljanda, galla í söluhlut, saknæmrar og ólögætrar háttsemi starfsmanna seljanda eða af hvaða öðrum orsökum sem er, takmarkast við þá fjárhæð sem nemur greiðslu kaupanda til seljanda fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu.

Skaðabótaábyrgð seljanda vegna einstaks tjóns getur því aldrei numið hærri fjárhæð eða verið umfangsmeiri en sem nemur þeirri fjárhæð sem áætlað var að kaupandi greiddi, eða kaupandi raunverulega greiddi, seljanda vegna vörunnar eða þjónustunnar.

Skaðabótaábyrgð seljanda, hvort sem er vegna þjónustu seljanda, galla í söluhlut, skaðaverka starfsmanna seljanda eða af hvaða öðrum ástæðum sem er, takmarkast við beint tjón kaupanda og takmarkast jafnframt af fjárhæðum samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis. Seljandi verður ekki undir neinum kringumstæðum krafinn um bætur vegna óbeins tjóns kaupanda, svo sem (en ekki tæmandi talið) vegna samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum, vegna þess að verkefni kemur ekki að þeim notum sem stefnt var að, vegna missis hagnaðar þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur eða af hvaða öðrum ástæðum sem er.

Seljandi skal ekki bera skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni vegna tjóns sem rekja má til vöru frá seljanda eða þjónustu sem seljandi veitir.

11. Afpöntun

Kaupanda er óheimilt að afpanta vöru ef um sérpöntun er að ræða nema gegn því að greiða seljanda allt það tjón sem hann verður fyrir vegna afpöntunarinnar, þ.m.t. útlagðan kostnað, geymslurými o.s.frv.

12. Tilkynningarfrestir og ábyrgðartakmarkanir

Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan 12 mánaða frá dagsetningu reiknings, eða frá afhendingu ef sá tími er sannanlega fyrir útgáfu reiknings getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Reikningur skal ávallt fylgja tilkynningu um galla.

Ef í ljós kemur á framangreindu tímabili að vara sé haldin framleiðslu- og/eða efnisgalla hefur seljandi heimild til að bæta á eigin kostnað úr gallanum með öflun varahluta og/eða viðgerð. Kaupandi ber sjálfur ábyrgð á kostnaði sem hlýst af því að flytja vöru til og frá viðgerðarstað. Seljandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem verða kann á söluhlut vegna utanaðkomandi aðstæðna á meðan hann er í viðgerð hjá honum.

Kaupandi á engar kröfur á hendur seljanda vegna eiginleika söluhluts sem hann varð var við eða mátti verða var við við kaupin.

Seljandi ber enga ábyrgð á afleiddu tjóni vegna galla eða bilunar vöru, hvort sem um er að ræða beint eða óbeint tjón að ræða, þ.m.t. vegna taps á rekstrarhagnaði. Þá ber seljandi ekki ábyrgð á afleiddu tjóni sem verða kann af notkun vörunnar.

Ábyrgð á seldri vöru fellur niður ef:

- Verksmiðjunúmer hefur verið fjarlægð.
- Seljandi eða aðili sem seljandi samþykkir kemur ekki að samsetningu og/eða gangsetningu búnaðarins.
- Tjón stafar af rangri meðferð, misnotkun eða öðrum atvikum sem rakin verða til kaupanda (eða til aðila sem hann ber ábyrgð á). Um eðlilegt slit vegna notkunar vöru er að ræða.
- Viðgerð eða tilraun til viðgerðar hefur átt sér stað án aðkomu starfsmanna seljanda.

Þá samþykkir kaupandi að eftirfarandi skilmálar eiga við um seldar vörur og búnað:

- Óheimilt er að endurselja eða flytja vöru eða búnað frá seljanda á landssvæði sem sætir þvingunaraðgerðum eða viðskiptabanni, nema að fengnum tilskildum leyfum eða samþykki yfirvalda. Seljandi ber ekki ábyrgð á nokkurs konar tjóni, tapi, skaðabótum eða kostnaði sem stafa af brotum á þessum skyldum af hálfu kaupanda.
- Seljandi verður ekki gerður ábyrgur fyrir brotum á lögum sem felast í því að kaupandi selur áfram eða flytur vöru eða búnað frá seljanda til lands sem sætir þvingunaraðgerðum eða viðskiptabanni á grundvelli laga, nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.
- Kaupandi samþykkir að hvers konar ábyrgð seljanda á vöru eða búnaði, sem keypt hafa verið af seljanda, og flutt eru á landssvæði sem sætir þvingunaraðgerðum eða viðskiptabanni, fellur samstundis niður.

Kaupandi fellst einnig á að verja, bæta og halda HD ehf. starfsmönnum, umboðsmönnum og undirverktökum á vegum þess skaðlausum gagnvart öllum afleiðingum af brotum kaupanda á framangreindum skyldum og/eða ákvæðum laga nr. 93/2008.



Að öðru leyti en því sem að ofan greinir undanþiggur seljandi sig ábyrgð á seldum vörum að því marki sem lög heimila.

13. Skaðsemisábyrgð

Um skaðsemisábyrgð fer eftir lögum nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Seljandi undanþiggur sig ábyrgð af slíku tjóni að því marki sem þau lög leyfa.

14. Varnarþing

Mál vegna viðskiptaskilmála þessara og samninga á þeim byggðum skulu rekin fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

15. Gildistími

Skilmálar þessir eru gefnir út af HD ehf. á íslensku og um skilmálana gilda íslensk lög. Íslensk útgáfa skilmálanna er eina gilda útgáfa skilmálanna, óháð því hvort HD ehf. birti þýðingu á skilmálunum á öðrum tungumálum en íslensku.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. desember 2023 með útgáfu þeirra falla eldri skilmálar HD ehf. úr gildi.

HD ehf. áskilur sér fullan rétt til að breyta ákvæðum þessara skilmála og birting nýrra skilmála á vefsíðu HD ehf. telst nægilega tilkynnt til kaupanda.



The following terms apply to the purchase of goods and/or services from HD ehf. (the seller).

Where these terms are silent, the Sales of Goods Act No. 50/2000 apply regarding the purchase of goods, and the general principles of contract law apply regarding the purchase of services. If the buyer qualifies as a consumer under the Consumer Purchase Act No. 48/2003 and the Service Purchase Act No. 42/2000, the provisions of those laws supersede these terms.

Goods and services are subject to these terms once HD ehf. has accepted a customer's order by confirming it through a contract or other formal means, such as an accepted offer, by delivering goods to the buyer, or by performing services.

1. Payment Terms

Customers are required to pay invoices in accordance with the terms specified therein. Any objections on issued invoices must reach the seller within 15 days from the issuance date; otherwise, the invoice shall be deemed correct. Invoices for goods must be paid prior to delivery unless otherwise agreed. Invoices for hourly-based services must be paid within 15 days from the date of issuance.

For services and/or goods, the customer shall pay the agreed fee. The seller is entitled to require customers to make payments for portions of work or sold items prior to the delivery of the goods. Such invoices shall be in accordance with the progress of the work.

The seller is entitled to suspend delivery, if agreed to be made in stages, or suspend the provision of services if payment has not been received for prior delivery or previously provided services. Delivery and/or provision of services may be suspended until overdue payments have been made, or satisfactory security for them has been provided.

2. Lien Rights

The buyer grants the seller a lien on the purchased goods in accordance with Act No. 75/1997 on Contractual Liens. The lien covers all items listed on the invoice. The lien secures the claim for the total consideration indicated on the invoice, including interest and other costs.

Items subject to the lien may not be sold, further pledged, altered, or combined with other items in a manner that might jeopardize the lien, without the seller's written consent.

In the event of payment default on claims covered by the lien, the seller may enforce the claim by demanding a forced sale of the collateral, without prior judicial process, judgment or enforcement proceedings, or terminate the lien arrangement and demand the collateral's return.

3. Delivery

Goods shall be delivered at the seller's premises at the agreed-upon delivery time, unless otherwise specifically agreed. Services shall be provided at the location specified in the contract.

4. Shipping and Services Outside the Capital Area

The buyer always bears all shipping costs unless otherwise specifically agreed. If the project requires services outside the capital area, the buyer shall be responsible for the accommodation, meals and travel allowances of the seller's employees.

5. Delay in Collection

If goods are not collected within the agreed time, the seller reserves the right to send them to the buyer at the buyer's expense or, alternatively, store them at the buyer's expense in a reasonable manner based on the circumstances. The seller may charge the buyer for storage and/or handling fees for storing the goods after the agreed delivery time.



6. Transfer of Risk The buyer shall bear the risk of the goods from the moment they are delivered to him or delivered to the carrier in the case of shipment, unless otherwise specifically agreed.

7. Delivery Delay

The seller is not responsible for direct or indirect loss resulting from a delay in the delivery of goods or provision of services due to circumstances beyond their control (force majeure). This exclusion of liability also applies to delays in goods caused by late or defective delivery from foreign suppliers.

8. Return of Goods

Goods can only be returned if the following conditions are met.

The goods are in the same condition as when delivered, with no visible damage, and have not been processed in any way.

Less than 15 days have elapsed since delivery, and the goods are not custom ordered.

Upon return, the buyer receives a credit note for the goods' value. Costs associated with returns due to reasons attributable to the buyer shall be deducted from the credit amount. The seller does not issue refunds for returned goods. The seller emphasizes that goods should be inspected by the buyer upon receipt.

Goods may be returned for a refund if the following conditions are met:

If they are verifiably defective,

Written comments on such defects have been made without undue delay.

9. Force Majeure

The seller is not liable for breach, direct or indirect damage, or other costs incurred by the counterparty due to force majeure events, such as earthquakes, fires, power outages, civil unrest, pandemics, or labor strikes beyond the seller's control, even with all reasonable measures applied.

The seller shall notify the buyer immediately of any force majeure events. Furthermore, the seller shall take all appropriate measures to minimize the impact of such events, and once they are no longer present, take all reasonable measures within their power to resume fulfilling contractual obligations with minimal delay. The same obligations apply to the buyer.

10. Liability for Damages

The seller's liability, and therefore the buyer's total claim for damages, due to any loss traceable to the seller's breach, whether attributable to defects in the seller's service, defects in goods, the negligent or unlawful behavior of the seller's employees, or any other cause, is limited to the amount paid by the buyer to the seller for the specific goods or services.

The seller's liability for any single damage can never exceed the amount the buyer was estimated or actually paid for the goods or services.

The seller's liability for damages, whether arising from the seller's services, defects in the sold item, tortious conduct of the seller's employees, or any other reasons, is limited to the direct damages suffered by the buyer and is also subject to the monetary limits specified in paragraph 1 of this provision.

The seller shall not be held liable under any circumstances for indirect damages suffered by the buyer, including (but not limited to) losses due to reduction or termination of production or business, because a project does not achieve its intended purposes, loss of profits when a third-party contract is terminated, or for any other reason.

11. Cancellation

The buyer may not cancel an order if it is a custom order, except by compensating the seller for all resulting losses, including any incurred costs, storage expenses, etc.



12. Notice Periods and Warranty Limitations

The buyer forfeits the right to claim defects if they do not notify the seller without undue delay from when the defect was or should have been detected. If the buyer does not file a complaint within 12 months from the invoice date, or from the delivery date if that time precedes the invoice date, they may not raise the defect later. The invoice must accompany any notification of defects.

Should a manufacturing or material defect be found within this period, the seller may remedy it at their expense by obtaining replacement parts and/or making repairs. The buyer bears transportation costs to and from the repair site. The seller is not liable for damage to the item due to external circumstances while it is under his possession for repair. The buyer has no claims against the seller regarding characteristics of the sold item that he became aware of or should have been aware of at the time of purchase.

The seller bears no liability for any consequential damages arising from defects or failures of the product, whether such damages are direct or indirect, including loss of operating profits. The seller also bears no liability for consequential damages that may arise from the use of the product.

Warranty for sold goods shall cease if:

- The serial number has been removed.
- The seller or a party approved by the seller is not involved in the assembly and/or commissioning of the equipment.
- Damage results from improper handling, misuse, or other circumstances attributable to the buyer (or to parties for whom he is responsible). Normal wear and tear from the use of the product is included.
- Repair or attempts at repair have occurred without the involvement of the seller's employees.

The buyer agrees that the following terms apply to sold goods and equipment:

- It is prohibited to resell or export goods or equipment from the seller to jurisdictions subject to sanctions or trade embargoes without obtaining the necessary permits or approvals from authorities. The seller shall not be liable for any damages, losses, claims, or costs resulting from the buyer's violations of these obligations.
- The seller shall not be held liable for violations of laws arising from the buyer's resale or export of goods or equipment from the seller to jurisdictions subject to sanctions or trade embargoes based on Act No. 93/2008 on the Implementation of International Sanctions.
- The buyer agrees that any warranty of the seller for goods or equipment purchased from the seller and exported to jurisdictions subject to sanctions or trade embargoes shall immediately cease.

The buyer further agrees to compensate and hold harmless HD ehf., its employees, agents, and subcontractors from any consequences arising from the buyer's violations of the aforementioned obligations and/or the provisions of Act No. 93/2008.

Except as stated above, the seller disclaims warranty for sold goods to the extent permitted by law.

13. Product Liability

Product liability follows the Product Liability Act No. 25/1991. The seller disclaims liability to the extent permitted by these laws.

14. Jurisdiction

Disputes related to these business terms and contracts based on them shall be pursued in the District Court of Reykjavik.

16. Validity

These terms are issued by HD ehf. and are governed by Icelandic law. These business terms are provided in both Icelandic and English. In the event of any discrepancies or differences between the Icelandic version and any other language version, the Icelandic version shall prevail and be deemed the authoritative and binding version.



General Terms of Business for HD ehf.

QUALITY HANDBOOK
STS 023 (e)

These terms shall be effective as of December 1, 2023, and upon their issuance, all previous terms of HD ehf. shall be null and void. HD ehf. reserves the full right to amend the provisions of these terms, and the publication of new terms on the HD ehf. website shall be deemed sufficient notification to the buyer.